


Verk á sýningunni Grafík í mynd.

Grafík í mynd

Grafík í mynd er sýning á verkum innlendra og erlendra listamanna á Kjarvalsstöðum sem opnuð var um helgina. Á sýningunni eru verk grafíklistamanna auk listamanna sem þekktari eru fyrir að nota aðra miðla en hafa þó nýtt sér tækni grafíklistar. Hluti sýningarinnar eru verk frá fyrri öldum sem varpa ljósi á hefðbundnar hugmyndir um miðilinn og dregur fram þær breytingar sem orðið hafa á hugmyndum listamanna um lögmál grafíklistar. Þannig skapast mótvægi við söguna með hughrifum og tækni samtímans.

Sögulegi hluti sýningarinnar kemur frá Listasafninu í Bergen og eru öll verkin eftir listamenn sem sett hafa svip sinn á listasöguna, þar á meðal má nefna menn eins og Rembrandt, Goya, Gauguin, Chagall og Manet. Nýju verkin á sýningunni eru ýmist unnin eftir hefðbundnum leiðum eða teygja mörk miðilsins út á ystu nöf og beita til þess nútímatækni. Íslensku listamennirnir sem eiga verk á sýningunni eru Aðalheiður Valgeirsdóttir, Anna Líndal, Benedikt G. Kristþórsson, Guðmundur Á. Sigurjónsson, Guðný B. Guðjónsdóttir, Halldór Ásgeirsson, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Kristinn E. Hrafnsson, Kristján Steingrímur, Magdalena M. Kjartansdóttir, Sigrid Valtingojer og Valgerður Hauksdóttir. Erlendu gestirnir eru Karen Dugas, Christoph Gerling, Geert Opsomer og Annu Vertanen.

Sýningar



Sólveig Ásgeirsdóttir á stofu sinni að Langholtsvegi 165.

Hefur störf sem kírópraktor

Sólveigu Ásgeirsdóttir hefur verið veitt leyfisbréf útgefið af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, til að starfa sem hnykkir/kírópraktor hér á landi. Hefur hún opnað stofu að Langholtsvegi 165. Starfssvið kírópraktora felst aðallega í greiningu og meðferð á kvillum í stoðkerfi líkamans, svo sem háls-, herða-, höfuð- og mjóbaksverkjum. Sólveig stundaði nám í kírópraktík í Bournemouth, Englandi 1987 til 1991 og útskrifaðust með Bachelor of Science 1991 og ári síðar útskrifaðist hún svo með Diploma in Chiropractic. Sólveig starfaði sem kírópraktor á Englandi á árunum 1991-1997.

Tilkynningar

Menningarkvöld í Klébergsskóla

Í kvöld stendur unglingadeild Klébergsskóla fyrir menningakvöldi í tilefni útgáfu ljóðabókar 8. 9. og 10. bekkjar. Dagskrá hefst kl. 20 í félagsheimilinu Fólksvangi. Skemmtiatriði af ýmsum toga verða flutt af nemendum, kaffisopi og ljóðabók til sölu. Allir velkomnir.

Vísindin í vörulandi

Í dag, kl. 12.15 flytur Halldór Stefánsson fyrirlestur á vegum Mannfræðistofnunar Háskóla Íslands sem hann nefnir Vísindin í vörulandi: af auglýsingum vísindatímarita, í stofu 101 í Lögbergi, HÍ.

Norræna húsið:

Tvær hörpur

Aðrir háskólatónleikar vetrarins verða í Norræna húsinu á morgun og hefjast þeir kl. 12.30. Þá leika þær Sophie Schoonjans og Marion Herrera á hörpu.


Sophie Schoonjans lærði hörpuleik í heimalandi sínu, Belgíu. Hún hefur spilað með ýmsum evrópskum hljómsveitum en einnig með Hong Kong Philharmonic Orchestra. Sophie er búsett hér á landi; hér hefur hún kennt og spilað, m.a. með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Marion Herrera er frönsk og lærði í Frakklandi. Hún hefur spilað á fjölmörgum tónleikum og leikið inn á hljómdiska. Hún hefur leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Í fyrra kenndi hún við Tónlistarskólann á Akureyri. Báðar hafa þær Sophie Schoonjans og Marion Herrera oft unnið til verðlauna fyrir leik sinn.



Sophie Schoonjans og Marion Herrera hörpuleikarar leika í Norræna húsinu í hádeginu á morgun.

Tónleikar

Á tónleikunum á morgun leika þær fjögur verk. Fyrsta verkið er Prelúdía, fúga og tilbrigði op. 18 eftir César Franck. Verkið er upphaflega samið fyrir orgel en á tónleikunum verður leikin hörpuútsetning Deweys. Eftir Cor de Groot er Rauða kisan: Ilmandi vals, stutt verk fyrir tvær hörpur. Þriðja verkið á dagskránni er Solfeggietto eftir Carl Philipp Emanuel Bach. Síðasta verkið er Sónatína fyrir tvær hörpur eftir Jean-Michel Damase.



Snjókoma eða slydda

Gengur í norðvestan 15-20 m/s með snjókomu eða slyddu norðaustantil, en 8-13 og él á Vesturlandi og lægir smám saman. Norðvestan frost norðantil, en hiti 0 til 5 stig sunnanlands. **Höfuðborgarsvæðið:** Norðlæg átt, 8-13 m/s og stöku él fram eftir morgni, en síðan 5-8 og skýjað með köflum. Vaxandi norðaustanátt í kvöld, 10-15 m/s og dálítil slydda í nótt. Hiti 0 til 4 stig.

Sólarlag í Reykjavík: 17.09
Sólarupprás á morgun: 09.15
Síðdegisflóð í Reykjavík: 14.09
Árdegisflóð á morgun: 02.59

Veðrið í dag

5-8 m/s og skýjað með köflum sunnanlands í dag, en vaxandi austanátt og þykknar upp í kvöld, 10-15 m/s og slydda eða rigning í nótt. Vægt


Veðrið kl. 6 í morgun:

Akureyri alskýjað	*0*
Bergstaðir snjókoma	*–1*
Bolungarvík snjóél á síð. kls.	*–1*
Egilsstaðir	*2*
Kirkjubæjarkl. skýjað	*3*
Keflavíkurflv. snjókoma	*0*
Raufarhöfn snjókoma	*0*
Reykjavík úrkoma í grennd	*0*
Stórhöfði úrkoma í grennd	*2*
Bergen skýjað	*9*
Helsinki alskýjað	*9*
Kaupmhöfn skýjað	*12*
Ósló léttskýjað	*9*
Stokkhólmur	*9*
Þórshöfn skúr	*7*
Þrándheimur rigning	*6*
Algarve skýjað	*17*
Amsterdam skýjað	*11*
Barcelona	
Berlín rigning	*13*
Chicago alskýjað	*8*
Dublin léttskýjað	*5*
Halifax heiðskírt	*4*
Frankfurt rigning	*14*
Hamborg rigning	*13*
Jan Mayen súld	*4*
London skýjað	*10*
Lúxemborg rigning	*13*
Mallorca þokuruðningur	*12*
Montreal heiðskírt	*10*
Narssarssuaq heiðskírt	*–11*
New York heiðskírt	*13*
Orlando	
París rigning	*13*
Róm lágþokublettir	*13*
Vín hálfskýjað	*5*
Washington þokumóða	*13*
Winnipeg heiðskírt	*–4*

Víða snjór á vegum

Nokkuð hefur snjóað á Vestfjörðum og Norðurlandi og eru sumar leiðir þungfærar og einstaka heiðar eru ófærar, meðal annars Lágheiði og Mjóafjarðarheiði, annars staðar er yfirleitt ágæt vetrarfærð á þjóðvegum landsins. Á einstaka stöðum eru vegavinnuflokkar að verki og er vel merkt þar sem þeir eru að störfum. Hálendisvegir eru nú flestir lokaðir en einstaka eru þó færir fjallabílum.

Færð á vegum






Auður og Óli eignast son

Þessi myndarlegi drengur fæddist á fæðingardeild Landspítalans 6. október kl. 0.06. Hann var við fæðingu 4.320 grömm og 53,5 sentímetrar. Foreldrar hans eru Auður Sandra Grétarsdóttir og Óli Hjörvar Kristmundsson og er hann þeirra fyrsta barn.

Barn dagsins



Jake Gyllenhaal leikur hugsjónadrenginn Homer Hickham.

Október himinn


October Sky, sem Bíóborgin sýnir, gerist í Coalwood í Vestur-Virginíu árið 1957. Þetta er kolanámubær þar sem allir drengir enda sem kolanámumenn. Homer Hickam er engin undantekning. Faðir hans er kolanámumaður sem hefur ekki efni á að kosta hann í langskólanám og hann er of lítill til að geta gert sér vonir um íþróttastyrk til háskólanáms. Líf hans breytist snögglega þegar geimfarið Sputnik sést fljúga eins og halastjarna yfir Coalwood. Allt í einu er heimurinn ekki svo lítill ...

October Sky er gerð eftir ævisögu Homers Hickam, jr., sem eftir að hafa sett sig upp á móti vilja föður síns braust til mennta og starfar sem vísindamaður hjá NASA. Faðir hans var verkstjóri í kolanámu og hafði aldrei séð son sinn fyrir sér öðruvísi en við vinnu í kolanámu.

Kvikmyndir

Nýjar myndir í kvikmyndahúsum:
Bíóhöllin: Runaway Bride
Saga-bíó: Konungurinn og ég
Bíóborgin: October Sky
Háskólabíó: Instinct
Háskólabíó: Bowfinger
Kringlubíó: South Park ...
Laugarásbíó: The Sixth Sense
Regnboginn: Út úr kortinu
Stjörnubíó: Hlauptu, Lola, hlauptu

Krossgátan



Lárétt: 1 hinkra, 8 öruggur, 9 flakk, 10 eigi, 11 hestur, 13 mýrajárn, 15 leit, 16 durtar, 17 kindum, 18 mikið, 19 bola, 20 sveifla.

Lóðrétt: 1 breiður, 2 kvendýr, 3 tré, 4 mæddur, 5 sáir, 6 páraði, 7 sting, 12 kaunið, 14 lélega, 16 fjörug, 18 óður.

Lausn á síðustu krossgátu:

Lóðrétt: 1 oflof, 6 af, 8 rjól, 9 áll, 10 kóð, 11 gata, 13 aldan, 15 ós, 16 bura, 18 grá, 20 ami, 21 frið, 22 kaflar.

Lóðrétt: 1 orka, 2 fjólum, 3 lóð, 4 Olga, 6 alt, 7 flas, 12 angra, 14 drif, 15 órir, 16 bak, 17 afl, 19 áði.

Gengið

Almennt gengi LÍ 02. 11. 1999 kl. 9.15

Eining	Kaup	Sala	Tollgengi
Dollar	70,740	71,100	71,110
Pund	116,600	117,200	116,870
Kan. dollar	48,230	48,530	48,350
Dönsk kr.	10,0230	10,0780	10,0780
Norsk kr	9,0000	9,0500	9,0830
Sænsk kr.	8,5750	8,6220	8,6840
Fi. mark	12,5278	12,6031	12,6043
Fra. franki	11,3555	11,4237	11,4249
Belg. franki	1,8465	1,8576	1,8577
Sviss. franki	46,4700	46,7300	46,7600
Holl. gyllini	33,8008	34,0039	34,0071
Þýskt mark	38,0847	38,3136	38,3172
It. líra	0,038470	0,03870	0,038700
Aust. sch.	5,4132	5,4457	5,4463
Port. escudo	0,3715	0,3738	0,3739
Spá. peseti	0,4477	0,4504	0,4504
Jap. yen	0,675200	0,67920	0,682500
Írskt pund	94,579	95,147	95,156
SDR	97,970000	98,56000	98,620000
ECU	74,4900	74,9300	4,9400

Símsvari vegna gengisskráningar 5623270